

Skaftárhreppur  
Klausturvegi 15  
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. október 2012  
Tilvísun: UST20120200145/edk

## Ákvörðun um álagningu dagsektu vegna frávika frá starfsleyfi

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 4. september 2012 þar sem áformað var að leggja dagsektir á Skaftárhrepp vegna fjögurra frávika frá starfsleyfi. Forsaga málsins er sú að umrædd frávik komu fram við reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar með urðunarstað sveitarfélagsins á Stjórnarsandi 17. ágúst 2011. Eftirlitsskýrslan var send Skaftárhreppi 23. janúar sl. ásamt bréfi þar sem óskað var eftir að áætlun um úrbætur á öllum fjórum frávikum yrði send Umhverfisstofnun fyrir 15. febrúar 2012. Þar sem slík áætlun barst ekki innan tímarammанс ákvað Umhverfisstofnun að áforma áminningu sbr. bréf dagsett 13. mars 2012. Þann 20. mars 2012 barst áætlun um úrbætur frá Skaftárhreppi, sem Umhverfisstofnun samþykkti bréflega þann 30. mars 2012 með þeim skilyrðum að staðfesting á úrbótum á þemur af fjórum frávikum bærist fyrir 15. maí 2012 og staðfesting á úrbótum vegna fjórða fráviksins bærist að hluta til fyrir 1. júní 2012 og að fullu fyrir 1. september 2012. Skaftárhreppur gerði ekki athugasemdir við þetta bréf Umhverfisstofnunar og þá fresti sem voru veittir. Þann 23. mars sendi Skaftárhreppur afrit af ábyrgðartryggingu fyrir urðunarstaðinn, en áhættumat og viðbragðsáætlun vantaði enn upp á svo það frávik sem snertir það frávik geti talist að fullu bætt.

Þann 16. júlí 2012 hafði Umhverfisstofnun ekki borist staðfesting á að úrbótum á umræddum fjórum frávikum væri lokið, þó svo að áætlun Skaftárhrepps og svarbréf Umhverfisstofnunar gerðu ráð fyrir að þemur af fjórum frávikum yrði lokið fyrir 15. maí 2012. Umhverfisstofnun tók því þá ákvörðun að áminna Skáftárhrepp vegna þessara fjögurra frávika. Engin svör eða sjónarmið bárust í kjölfarið frá Skaftárhreppi. Þann 4. september 2012 sendi Umhverfisstofnun Skaftárhreppi áform um dagsektir og kröfu um úrbætur. Umhverfisstofnun bárust sjónarmið Skaftárhrepps 20. september 2012 og í eftirfarandi texta verður tekin efnisleg afstaða til þeirra.

### **Þau frávik sem Umhverfisstofnun telur Skaftárhrepp eiga eftir að bæta úr eru eftirfarandi:**

1. Talsverð óreiða og nokkrir haugar af óflokkuðum úrgangi voru á urðunarsvæðinu þegar eftirlit fór fram 2011. Samkvæmt ákvæði 1.3 í starfsleyfi skal tryggt að úrgangur sé meðhöndlaður á þann hátt að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði á athafnasvæðum rekstraraðila. Í bréfi frá rekstraraðila, dags. 20. mars sl., kom fram að unnið væri að tiltekt á svæðinu og haugar af óflokkuðum úrgangi verði fjarlægðir. Í bréfi, dagsettu 16. júlí 2012, fór Umhverfisstofnun fram á að rekstraraðili skilaði inn stuttri greinarferð eða verklagsreglum fyrir 17. ágúst 2012, um hvernig komið verði í veg fyrir að ástand urðunarsvæðisins fari aust í þetta horf. Slík greinargerð hefur ekki borist Umhverfisstofnun og í eftirliti þessa árs, sem farið var í 15. ágúst sl., var enn vart við óreiðu og hauga af óflokkuðum úrgangi svo ljóst er

að þá hafði ekki verið bætt úr þessu fráviki. Í svari Skaftárrepps sem barst 20. september 2012 segir rekstraraðili að ástand svæðisins hafi skánað frá 2010 og 2011 en tiltekt á svæðinu verði ekki gerð á einni nótta. Einnig segir að starfsmenn Íslenska gámafélagsins sem sjái um daglegan rekstur svæðisins hafi verið upplýstir eins vel og kostur er um innihald starsleyfisins og skipulag svæðisins. Þá segir að einnig verði tekið á þessum málum í áhættumati sem er í vinnslu hjá VERKÍS og ekki verði skilað til Umhverfisstofnunar greinargerð eða verklagsreglum vegna þessa fráviks þar sem framangreind svör Skaftárrepps komi í stað slíkrar greinargerðar.

**Umhverfisstofnun bendir á að nú liðið rúmlega ár frá því að frávik er varðar meðhöndlun úrgangs kom fram við eftirlit og rekstraraðili hefur því að mati stofnunarinnar haft nægan tíma til umráða til að ljúka úrbótum. Við eftirlit þann 15. ágúst sl. var enn vart við óreiðu og óflokkaðan úrgang á svæðinu og það aftur skráð sem frávik. Af svari er ekki ljóst hvort frekari úrbætur hafi verið unnar síðan í ágúst, og getur Umhverfisstofnun því ekki samþykkt þær aðgerðir sem rekstraraðili hefur framkvæmt hingað til sem fullnægjandi. Umhverfisstofnun fer því fram á, nú sem áður, að Skaftárreppur ljúki úrbótum vegna þessa fráviks og sendi Umhverfisstofnun staðfestingu þar um hið fyrsta. Staðfestingin getur verið í form greinarferðar, verklagsreglna og/eða ljósmynda sem staðfesta að úrbótum sé lokið.**

2. Niðurstöður mælinga á grunnvatni á urðunarsvæði hafa ekki borist Umhverfisstofnun. Á þetta var einnig bent í reglubundnu eftirliti síðasta árs. Samkvæmt ákvæði 3.5 í starsleyfi skal mæla árlega pH, leiðni, NH<sub>3</sub><sup>+</sup> og COD. Í bréfi frá rekstraraðila, dags. 20. mars sl., kom fram að grunnvatnssýnabrunnum verði komið upp í apríl og mælingar framkvæmdar í framhaldi Umhverfisstofnun samþykkti þessa áætlun í bréfi sínu 30. mars sl., og fór fram á að grunnvatnssýnabrunnar yrðu komnir upp eigi síðar en 1. júní 2012 og niðurstöður grunnvatnsmælinga sendar stofnuninni eigi síðar 1. september 2012. Þann 16. júlí sl. hafði stofnuninni ekki borist staðfesting um úrbætur á þessu sviði og fór því fram á að grunnvatnssýnabrunnum yrði komið fyrir eigi síðar en 17. ágúst.

**Við eftirlit 15. ágúst sl. kom fram að búið er að koma fyrir tveimur grunnvatnsbrunnum, einum fyrir ofan svæðið og öðrum fyrir neðan. Í drögum að eftirlitsskýrslu, sem send voru Skaftárreppi 13. september sl., kemur fram að í starsleyfisdrögum, sem Skaftárreppi ber að starfa eftir skv. undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sé gert ráð fyrir þremur mælingaholum: einni fyrir ofan urðunarstaðinn og tveimur fyrir neðan hann. Umhverfisstofnun fer því fram á að úr þessu verði bætt. Í svörum Skaftárrepps, dags. 20. september 2012, kemur fram að VERKÍS hafi tekið grunnvatnssýni úr umræddum holum í lok ágúst og mæliniðurstöður séu væntanlegar og verði sendar Umhverfisstofnun um leið og þær berast. Umhverfisstofnun samþykkir þessa tilhögun, og óskar eftir að mæliniðurstöður berist eigi síðar en 20. október nk. Stofnunin fer einnig fram á að rekstraraðili sendi stofnuninni áætlun um hvenær þriðja grunnvatnsbrunninum verður komið fyrir, óskað er eftir að áætlunin berist á sama tíma og mæliniðurstöðurnar.**

3. Á urðunarsvæðinu var að finna úrgang sem ekki er heimilt að meðhöndla á svæðinu m.a. málningu, hjólbarða, tölvubúnað og önnur raftæki. Samkvæmt ákvæði 3.1 í starsleyfi er eingöngu gefin heimild til urðunar á slátturhúsaúrgangi, seyru, byggingarárgangi og ösku frá Sorporkustöð Skaftárrepps, móttöku á brotajárn og geymslu á garðaúrgangi. Í bréfi frá rekstraraðila, dags. 20. mars sl., kemur fram að Skaftárreppur hafi ekki hug á geymslu fleiri

úrgangsflokka en tilgreindir eru í starfsleyfi og verður sá úrgangur sem ekki er heimild fyrir fjarlægður. Í bréfi, dagsettu 16. júlí 2012 fór Umhverfisstofnun fram á að rekstraraðili skilaði inn stuttri greinargerð eða verklagsreglum, fyrir 17. ágúst 2012, um hvernig komið verði í veg fyrir uppsöfnun annarra úrgangsflokka en tilgreindir eru í starfsleyfi á urðunarvæðinu. Slík greinargerð hefur ekki borist Umhverfisstofnun og í svörum rekstraraðila frá 20. september sl. er ekki tiltekið hvað hefur verið gert í þessum efnunum. Umhverfisstofnun styðst því við eigin gögn til að meta úrbætur á þessu fráviki. Við eftirlit 15. ágúst sl. var meðhöndlun óheimilla úrgangsflokka aftur skráð sem frávik, en að þessu sinni voru þetta aðrar úrgangstegundir en taldar eru upp í eftirlitsskýrslu frá eftirliti síðasta árs.

**Umhverfisstofnun dregur þá ályktun að búið sé að fjarlægja þann úrgang sem fjallað var um í bréfi dagsettu 4. september og í þeim samskiptum sem þar fóru á undan. Umhverfisstofnun mun því ekki beita dagsektum vegna þessa fráviks, en mun engu að síður fylgja því eftir að þeir óheimilu úrgangsflokkar sem komu fram í eftirliti þessa árs verði fjarlægðir, en þá var um að ræða bretti af rafgeymum, húsgögn og ýmsan plastúrgang.**

4. Ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun höfðu ekki borist Umhverfisstofnun þegar eftirlit fór fram. Staðfesting á ábyrgðartryggingu hefur borist Umhverfisstofnun og telst fullnægjandi, sbr. það sem fram kemur í bréfi stofnunarinnar dags. 30. mars sl. Í bréfi frá rekstraraðila, dags. 20. mars sl., kemur fram að vinna við áhættumat og viðbragðsáætlun sé hafin og reiknað sé með að henni verði lokið í byrjun maí 2012. Umhverfisstofnun samþykkti þessa áætlun og fór fram á að áhættumati og viðbragðsáætlun yrði skilað fyrir 15. maí 2012, en gögnin bárust ekki fyrir þá dagsetningu. Í áminningarbréfi dags. 16. júlí sl. var farið fram á að gögnunum yrði skilað fyrir 17. ágúst sl. Þegar Umhverfisstofnun áförmödi dagsektir á Skaftárhrepp 4. september sl. höfðu áhættumat og viðbragðsáætlun ekki enn borist. Í svörum Skaftárhrepps, dags. 20. september 2012, kemur fram að samið hafi verið við VERKÍS um að vinna áhættumat og viðbragðsáætlun fyrir urðunarstaðinn og von sé til að gögnin verði tilbúin á næstu vikum og þau send Umhverfisstofnun.

**Umhverfisstofnun fagnar því að áhættumat og viðbragðsáætlun sé nú í vinnslu.**  
**Dagsektir verða engu að síður lagðar á Skaftárhrepp fyrir þetta frávik þar til gögnin berast þar sem áætlun frá Skaftárhreppi, sem Umhverfisstofnun samþykkti 30. mars sl. kvað á um að gögnin yrðu tilbúin í byrjun maí sl. Gögnin bárust þó ekki fyrir tilsettán tíma, og hafa enn ekki borist. Ný áætlun sveitarfélagsins boðar nú að gögnin verði send innan nokkurra vikna.**


**Umhverfisstofnun leggur dagsektir á Skaftárhrepp að upphæð kr. 20.000 á dag, frá og með 15. október 2012, fyrir tvö frávik er varða annars vegar óreiðu á urðunarstað og óflokkaðan úrgang, og hinsvegar áhættumat og viðbragðsáætlun, þangað til staðfesting á fullnægjandi úrbótum hefur borist Umhverfisstofnun.**

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvárdanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 517/2011, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Sigriður Kristjánsdóttir  
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands